

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/718*  
*komudagur 19.12.2013*



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 18. desember 2013

**Efni: Umsögn BSRB um fyrirhugaða tillögu efnahags- og viðskiptanefndar um breytingu á frumvarpi til laga ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.), þskj. 3 – 3. mál.**

Með tölvupósti dags. 18. desember óskaði efnahags- og viðskiptanefnd eftir skriflegri umsögn BSRB um fyrirhugaða breytingartillögu nefndarinnar á fjárlagafrumvarpi fyrir 2014. Tillagan felur í sér að í stað 29. gr. frumvarpsins kæmi ný grein, bráðabirgðaákvæði IV sem efnislega kveður á um niðurfellingu framlags ríkisins til starfsendurhæfingarsjóða sem fjármagnað er með hluta af gjaldstofni tryggingargjalds árin 2013 og 2014.

BSRB styður þá breytingu að framlag til Virk vegna ársins 2013 verði lækkað sem nemur 240 m.kr. enda verði allri þeirri fjárhæð varið til að fjármagna desemberbót atvinnulausra. Áréttá skal að bandalagið leggst gegn því að að framlögin verði felld niður að öllu leyti en styður að framlögin verði lækkuð sem nemur 240 m.kr. vegna ársins 2013. Sú fjárhæð sem eftir stæði verði varið til að tryggja að ekki verði niðurskurður á næsta ári hjá Vinnumálastofnun og Starfi varðandi þjónustu til atvinnulausra.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, reading 'Helga Jónsdóttir', is placed over the typed name.

Helga Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri BSRB